

# Fundargerð 42. fundar

## skipulagsmálanefndar sambandsins

Árið 2020, föstudaginn 27. nóvember kl. 09:00 kom Skipulagsmálanefnd sambandsins saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Dagbjört Jónsdóttir, Gauti Jóhannesson, Jón Kjartan Ágústsson, Pawel Bartoszek og Sveinn Pálsson.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri, Guðjón Bragason sviðsstjóri, Eygerður Margrétardóttir verkefnisstjóri, Tryggvi Þórhallsson lögfræðingur, Valgerður Rún Benediktsdóttir lögfræðingur og Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

Unnur Valborg Hilmarsdóttir, fulltrúi sambandsins í ráðgjafanefnd um landsskipulagsstefnu, var gestur undir þessum lið.

### 1. Landsskipulagsstefna 2015-2026 - 2011026SA

Lögð fram til umræðu tillaga Skipulagsstofnunar að viðauka við landsskipulagsstefnu 2015-2026. Tillagan er nú í kynningarferli og er unnið að umsögn sambandsins. Sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs og Unnur Valborg Hilmarsdóttir, framkvæmdastjóri SSNV og annar tveggja fulltrúa sambandsins í ráðgjafanefnd um gerð landsskipulagsstefnu, gerðu grein fyrir tillögunni og helstu álitaeftum sem sveitarfélög þyrftu að hafa í huga við yfirferð hennar og gerð umsagna.

Við umræðu um málið koma fram almenn ánægja með þá miklu fagmennsku sem hefur einkennt vinnunna. Á meðal margra jákvæðra ábendinga má nefna áherslu á að hraða stafrænni þróun í skipulagsmálum, gerð leiðbeininga til sveitarfélaga um hvernig skipulag geti verið leið til að vinna að markmiðum í loftslags- og lýðheilsuáttum (20 mínútna bærinn) og að hafin verði vinna við gerð fleiri strandsvæðisskipulaga.

Fullt tilefni er þó til að rýna tillögurnar nánar út frá hagsmunum sveitarfélaga og ólíkum aðstæðum þeirra. Það mætti mögulega koma skýrar fram hvaða tillögur séu annars vegar bindandi fyrir sveitarfélög hins vegar aðeins leiðbeinandi. Þessi aðgreining getur skipt máli þegar kemur að staðfestingu aðalskipulagstillagna og leggur nefndin áherslu á að landsskipulagsstefna þarf að vera gegnsæ þegar kemur að framkvæmd hennar.

Nefndin telur einnig nauðsynlegt að kostnaðarmeta ný verkefni sveitarfélaga við skipulagsgerð.

Nefndin leggur til að haldin verði kynningarfundur fyrir sveitarfélög um málið í desember.

Unnur Valborg Hilmarisdóttir yfirgaf fundinn.

## **2. Breytingar á skipulagslögum - innviða skipulag - 2009205SA**

Lögð fram til umræðu drög að umsögn sambandsins um frumvarp til laga um breytingar á skipulagslögum, þar sem lagðar eru til breytingar sem snúa að raflínuskipulagi, einföldun á afgreiðslu deiliskipulags og rafrænni skipulagsgátt. Til hliðsjónar var lögð fram umsögn um drög að frumvarpi um sama efni, dags. 30. september 2020. Sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs sat í vinnuhópi sem skipaður var í kjölfar óveðurs í desember 2019 til að leggja til einföldun á skipulags- og leyfisveitingaferlum fyrir meginflutningskerfi raforku.

Í umræðum um málið kom fram sú afstaða af hálfu nefndarmanna að varhugavert sé að ganga á skipulagsvald sveitarfélaga þótt tilgangur þess geti verið málefnalegur. Tekur nefndin undir þær áherslur sem fram koma í umsögninni að samþykkt frumvarpsins megi ekki skapa fordæmi fyrir frekari skerðingu á skipulagsvaldi sveitarfélaga. Einnig komu fram ábendingar sem snúa að málsmeðferð, málskoti og fleiri atriðum, sem tekið verður tillit til við frágang umsagnar.

*Pawel Bartoszek lagði fram eftirfarandi bókun:*

*Undirritaður tekur undir bókun tveggja fulltrúa Reykjavíkurborgar í stjórn sambandsins, þar sem lýst er yfir andstöðu við þá tillögu að að komið verði á fót sérstakri stjórnarsýslunefnd sem fái skipulagsvald í þeim tilfellum þegar flutningskerfi raforku liggja þvert á sveitarfélagamörk. Ekki verður séð að sú fórn sem felst í fordæminu með frekari skerðingu á skipulagsvaldi sveitarfélaga sé hins meinta ávinnings virði. Fyrirheit í lögskýringargögnum breyta því ekki hvernig þingmenn framtíðarinnar, bundnir einungis af eigin sannfæringu, munu geta túlkað þau fordæmi sem gefin eru."*

Jón Kjartan Ágústsson og Gauti Jóhannesson viku að fundi kl.10:00

## **3. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 60-2013 - málsmeðferð o.fl., 276. mál - óskað umsagnar - 2011028SA**

Lögð fram til umræðu drög að umsögn sambandsins um frumvarp til breytinga á lögum um náttúruvernd. Sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs gerði stuttlega grein fyrir áherslum í umsögninni.

*Nefndin gerir ekki athugasemd við umsögnina.*

## **4. Skipulagsmálanefnd sambandsins - fundargerðir o.fl. 2018-2022 - 2009346SA**

Lagt fram yfirlit sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs um stöðu helstu verkefna, þingmál sem væntanleg eru til umsagnar o.fl.

Lagt var til að nefndin fundi næst um miðjan desember, þar sem m.a. verði fjallað um verkefnið Verkfærakista sveitarfélaga í loftslagsmálum.

*Samþykkt var að næsti fundur nefndarinnar yrði seinni hluta desember.*

## **5. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um mannvirki, nr. 160-2010 - flokkun og eftirlit með mannvirkjum, 17. mál - óskað umsagnar - 2010053SA**

Lögð fram til kynningar umsögn til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis,

dags. 17. nóvember 2020, um frumvarp til laga um br. á lögum um mannvirki.

Fundi var slitið kl. 10:15

---

Dagbjört Jónsdóttir

---

Gauti Jóhannesson

---

Jón Kjartan Ágústsson

---

Pawel Bartoszek

---

Sveinn Pálsson